

**Umsögn vegna athugasemda Lárusar Vilhjálmssonar vegna breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar og deiliskipulagsbreytingar í Undirhlíðum.**

Athugasemd:

Lárus Vilhjálmsson dags. 10. janúar 2016.

Hraunavinir og Lárus Vilhjálmsson gera sömu athugasemd þannig að svar Lárusar er það sama og til Hraunavina.

Umsögn Umhverfis- og skipulagsþjónustu:

Öryggisafmörkun brunnsvæðisins í Mygludölum leiðir til umtalsvert stærra brunnsvæðis en grunnafmörkun gaf til kynna (mynd 22, bls. 130 í greinargerð með heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu frá febrúar 2015).

Öryggisafmörkunin ákvarðast af tillögu jarðfræðinga Orkustofnunar að brunnsvæði í Mygludölum eftir jarðfræðilega úttekt í aðdraganda endurskoðunar vatnsverndar 1995 (samþykkt og útgefin 1999).

Brunnsvæðið í Mygludölum virðist hafa stækkað töluvert umfram þetta í meðförum vinnuhóps um endurskoðun vatnsverndar sem útgefin var 1999, án þess að nokkrar skýringar þess efnis liggi fyrir. Á þetta einungis við um Mygludali, en ekki önnur brunnsvæði á meginvatnstökusvæðinu. Í öllum öðrum tilfellum var tillaga jarðfræðinga Orkustofnunar tekin upp. Ekki eru því forsendur til að ákvarða öryggissvæði brunnsvæðis í Mygludölum umfram það sem jarðfræðileg úttekt jarðfræðinga Orkustofnunar tilgreinir. Líkt og kemur fram í umhverfisskýrslu vegna deiliskipulagsbreytingu Undirhlíða eru gerðar miklar kröfur um varúðarráðstafanir á framkvæmdartíma og að þær verði unnar í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.

Líkt og kemur fram í umhverfisskýrslu vegna deiliskipulagsbreytingu Undirhlíða eru gerðar miklar kröfur um varúðarráðstafanir á framkvæmdartíma og að þær verði unnar í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.

- Óheimilt er að vinna innan grann- og brunnsvæða frá nóvemberbyrjun og út mars.
- Til að hindra að mengunarslys með varanlegum afleiðingum verði á vatnsverndarsvæði verður gerð sú krafa að verktakar og aðrir sem vinna þar lágmarki umferð með olíu um svæði þar sem berggrunnur er gropinn. Jafnframt verður þess krafist að á grann- og brunnsvæðum verði öllum tækjum lagt á þar til gerða dúka sem safna í sig olíu og glussa ef leki á sér stað og að einnig verði olíuhreinsunarútbúnaður alltaf til taks nálægt vinnuvélum.
- Til að lágmarka enn frekar þá mengunarhættu sem skapast við framkvæmdir verður fullnægjandi ástand vinnutækja tryggt, ásamt fullnægjandi innra og ytra eftirliti.



## HAFNARFJÖRÐUR

- Undir spennum í tengivirkjum verða olúgildir og sérstakur eftirlitsbúnaður til að tryggja að hugsanlegur olíuleki berist ekki út í umhverfið og geti valdið mengun.
- Til að minnka dreifingu þungmálma á grann- og fjarsvæðum vatnsverndar verður haft strangt eftirlit með gæðum og efnissamsetningu galvanhúðar á möstrum og þess gætt eins og kostur er að undirstöðuplan og línuvegur séu höfð á svæði sem snýr undan aðalúrkomuátt.

Það skal einnig tekið fram að í Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555 frá 19. júní 2015 kemur fram í 25. gr. um starfsemi, ræktunarstörf og framkvæmdir innan grannsvæða að gera þarf áhættumat áður en framkvæmdir hefjast.

Hvað varðar útskolun á sínski þá hefur verið gerð foráhættugreining við háspennumöstur, staðsett í og við deiliskipulagssvæði Undirhlíða, til að meta líkur á útskolun á þungmálmum. Í skýrslunni Frumrannsóknir á gróðurskemmdum við háspennumöstur á Suðvesturlandi frá júlí 2007 kemur eftirfarandi fram vegna hættu á sínkmenngun af möstrum:

Foráhættugreining metur litlar líkur á að útskolun á sínski eða þungmálmum gegnum mosajarðveg geti valdið grunnvatnsmengun. Brunninn mosi bindur sínk mjög vel. Hann mældist með hækkaðan styrk, allt að 735 mg Zn/kg (mælt meðalgildi 363 mg Zn/kg). Hinsvegar mældist ekki marktæk sínkhekkun í jarðvegi (brúnjörð), en hann er grunnur undir mosa (< 10 cm), þó að brúnjörð sé talin binda málma auðveldlega, þar eð hún er að mestu úr kolefni (9%), með hagstætt pH-gildi, og háan dreifistuðul (Kd 4.100-11.200 L/kg).

Útreikningar með jarðvegsmengunarforriti (P20) leiddu í ljós að til þess að teljandi mengun á sínski geti borist í grunnvatn þyrfti sínkstyrkur í jarðvegssýnum að mælast hærri en 12.480 mg/kg. Sínski í jarðvegi mælist svipað við möstur og fjarri þeim, um 73 mg/kg.

Ekki er hægt að útiloka sínsklekt í gegnum fyllingarefni undirstöðuplans mastra og einhverja veðrun á blýi frá möstrum, þó frumniðurstöður bendi ekki til þess.

Hvað varðar að leggja línurnar í jörð er þessi framkvæmd í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar sem samþykkt var í apríl 2014.